

Ed.

407. Frumvarp til laga

[209. mál]

um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnaðilar sölustofnunarinnar eru íslenska ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.

2. gr.

Hlutverk sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

- a) annast sölu og dreifingarstarfsemi á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og öðrum fullnum sjávarafurðum, og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni;
- b) annast alla sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum samkvæmt vöruskiptasamningum, sem gerðir hafa verið við önnur ríki fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar;
- c) hafa með höndum gæðaeftirlit með framleiðslu þeirra aðila, sem þátttakendur eru í samtökunum, í þeim tilgangi að tryggja að sem bezt sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur;
- d) samræma framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni;
- e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því, sem óskað er. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir sem nauðsynlegar eru og fullnægjandi hverju sinni. Í því skyni er stofnuninni heimilt að gerast eignaaðili í dósa- og umbúðaverksmiðju;
- f) fylgjast með og greiða fyrir öflun hráefnis til niðursuðu og niðurlagningar og annarrar framleiðslu á vegum þátttakenda. Skal stefnt að því, að gott hráefni sé ekki flutt úr landi óunnið, á meðan íslenskur iðnaður býr við hráefnisskort;
- g) vinna að því í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að auka fjölbreytni í framleiðslu niðursuðuverksmiðjanna og annarra þátttakenda í samtökunum með leiðbeiningum um nýjar framleiðslugreinar. Skal stofnunin leitast við að veita allar upplýsingar um framleiðslu og sölu, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, og jafnframt skal að því stefnt að koma á fót tækniþjónustu.

3. gr.

Atvinnurekendur í niðursuðuiðnaði, sem vilja eiga aðild að sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, þurfa að gefa um það skriflega yfirlýsingu og eru þeir þá bundnir af aðild sinni í a. m. k. eitt ár og geta ekki slitið henni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum erlendis, og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki, sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að hlýða þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stent þær kröfur, sem

gerðar eru um gæði, og skal atvinnurekandi bera allan skaða af slíku banni. Einnig er heimilt að beita refsiaðgerðum samkvæmt sérstakri reglugerð, sem samþykkt hefur verið af fulltrúaráði, ef atvinnurekandi stendur ekki við skuldbindingar sínar skv. lögum þessum eða gerist brotlegur við reglur stofnunarinnar um gæði framleiðslunnar.

4. gr.

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki.

Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn til þriggja ára í senn og skulu tveir tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, en einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Þá tilnefnir ráðherra einnig varaformann, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf stjórnarinnar. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ítarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara.

Að 5 árum liðnum frá gildistöku laganna, þegar framlag ríkissjóðs skv. 5. gr. og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld falla niður, skulu ákvæði seinustu mgr. um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að 3 stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúaráð er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar.

Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samræði við stjórnina. Staða framkvæmdastjóra skal ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

- a) Ríkissjóður leggur fram sem óendurkræft framlag 20 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin.
- b) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, sem nemur allt að 100 milljónum króna.
- c) Niðursuðuverksmiðjurnar greiða sölulaun til stofnunarinnar, sem nota skal til að mæta sölukostnaði, og skal hundraðshlutinn vera ákveðinn að fenginni umsögn fulltrúaráðs.
- d) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskhrognum og salt- og kryddsild undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum og útflutningi hans skv. 7. gr.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sbr. 6. gr., sem hefur það verkefni að efla niðursuðuiðnaðinn, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis. Sjóður þessi lýtur stjórn sölustofnunarinnar undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnarinnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, var undirbúið af nefnd, sem skipuð var af iðnaðarráðherra hinn 31. ágúst 1971 til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins. Nefndin kynnti sér ítarlega ástandið og hélt fund með framleiðendum og ýmsum fagmönnum í iðngreininni, þar sem efni frumvarpsins var rætt og gerðar á því ýmsar breytingar skv. ábendingum framleiðenda.

Frumvarpinu fylgir svo hljóðandi greinargerð:

Eins og margoft hefur verið bent á af ýmsum fag- og áhugamönnum um íslenzkan fiskiðnað, er hægt að auka verulega þjóðar- og gjaldeyristekjur Íslendinga með fullvinnslu sjávarafllans. Þótt verulegt átak hafi verið gert í þessa átt á undanförunum árum, sem leitt hefur til aukinnar verðmætisskópunar, hefur það ekki náð nema til hluta sjávarafllans, aðallega þess hluta, sem fer til frystingar. Enn er stór hluti íslenzks fiskmetis fluttur út sem hráefni fyrir fiskiðnað annarra þjóða, eða seldur til bræðslu innanlands, þar sem ekki er sá iðnaður fyrir hendi, sem skapað gæti úr honum meira verðmæti.

Það orkar ekki tvímælis meðal fræðimanna á sviði hagvísinda, að sérhverju ríki er eðlilegast og hagkvæmast að byggja upp iðnað sinn á grundvelli þeirra náttúruauðlinda, sem þær hafa sjálfar yfir að ráða. Þróun ríkja er m. a. metin eftir því, á hve háu vinnslustigi framleiðsla þeirra er seld úr landi.

Varla þarf að taka það fram hér, að sjávarafli okkar Íslendinga er sú auðlind, sem við eigum auðugasta og sem hefur verið uppistaðan undir meginhluta iðnaðar okkar fram til þessa. Það hlýtur því að vera eðlilegur liður í íslenzkri iðnaðarstefnu að halda áfram að byggja upp þær atvinnugreinar, sem grundvallast á vinnslu sjávaraflla og miða að því að skapa þau verðmæti úr hráefninu, sem tækniþróunin gerir mögulegt hverju sinni og aðstaðan á hinum erlendu mörkuðum leyfir.

Ef litið er yfir stöðu íslenzks fiskiðnaðar í dag er augljóst, að ákveðin stöðnun hefur átt sér stað og flestar fullvinnslugreinar ekki náð þroska. Gildir þetta sérstaklega um niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinn, sem ennþá er á frumstigi. Borið saman við nágrannaþjóðir okkar, sem lengst eru komnar í fiskiðnaði og þjóða upp á fjölbreytt úrval fiskrétta í dós, pökkum og túpum, verður ljóst, að við höfum dregið aftur úr. Á sama tíma hafa breytingar átt sér stað í neyzluvenjum og í dreifingarkerfi stærstu markaðslandanna, sem auðveldar mjög sölu á ofangreindum vörutegundum.

Á undanförunum árum hefur þó ýmislegt verið gert til að örva uppbyggingu niðursuðuiðnaðarins og ýmsar sérskýrslur verið unnar um hina ýmsu þætti hans. Merkt þessara úttekta voru markaðsrannsóknir, sem unnar voru af fyrirtækinu Stevenson & Kellogg. Í niðurstöðu þeirra rannsókna er sú skoðun sett fram, að mögulegt væri að tífalda núverandi útflutning okkar af niðursuðuvörum. Til að ná þessu markmiði verður þó umfangsmikil markaðsöflun að fara fram á hinum erlendu mörkuðum með auglýsinga- og sölustarfsemi.

Þegar nefnd sú, sem skipuð var af iðnaðarráðherra 30. ágúst s. l. til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins, fór að kynna sér stöðu þessarar iðngreinar, varð

henni ljóst, að markaðsmálin væru veikasti hlekkurinn í þeirri keðju. Hin íslenzku niðursuðu- og niðurlagningarfyrirtæki eru bæði of smá og févana til að ryðja sér braut á erlendum mörkuðum. Það hefur því aldrei tekizt að afla stöðugra og tryggra markaða. En þær markaðstruflanir, sem stöðugt komu upp, verkuðu neikvætt á rekstur verksmiðjanna og komu í veg fyrir nútíma hagræðingu í framleiðslunni og tryggja hráefnisóflun. Smæð verksmiðjanna hefur einnig leitt til þess, að þær hafa haft erfiða innkaupaaðstöðu með hærra einingarverði á dósnum og hjálpar-efnum og ótryggari afgreiðslu en eðlilegt má teljast.

Óhugsandi er, að iðngreinin nái að þróast við núverandi aðstæður. Til að byggja upp niðursuðuiðnað á Íslandi er nauðsynlegt að skapa honum sömu samkeppnisaðstöðu og hinir erlendu keppinautar hafa. Nær það bæði til uppbyggingar sölukerfis erlendis og skipulagningar og hagræðingar heildarframleiðslunnar heima fyrir. Þó er ljóst, að það átak, sem gera þarf, sérstaklega í markaðsmálum, fer langt fram úr fjárhagsgetu niðursuðuverksmiðjanna í dag.

Því er lagt til í frumvarpinu, að stofnuð verði sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, sem hafi viðtæku þjónustuhlutverki að gegna. Aðalverkefni hennar yrði þó að annast sölu- og dreifingarstarfsemi fyrir hönd niðursuðuverksmiðjanna á erlendum mörkuðum. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að sölusamtökin selji íslenska framleiðslu undir einu vörumerki og annist auglýsingastarfsemi erlendis. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir því, að sölusamtökin annist sameiginleg innkaup fyrir meðlimi sína, sem stuðla mundi að því að lækka framleiðslukostnaðinn. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir að efla framleiðslugetuna innanlands og auðvelda reksturinn, svo að verksmiðjurnar geti mætt þeirri eftirspurn, sem skapast við starfsemi sölusamtakanna.

Tilveru samtakanna og samræmingu framleiðslunnar við áætlaða markaðsmögu-leika er ætlað að auka öryggið við framleiðsluna og fyrirbyggja óheppilega samkeppni og undirboð, sem fram til þessa hafa skaðað iðngreinina.

Miðað við þjóðhagslegt gildi þess að koma upp öflugri iðngrein, sem byggist á fullvinnslu íslenzkra sjávarafurða og stuðlar að aukinni verðmætissköpun og gjaldeyriskjóm, þykir eðlilegt að hið opinbera styrki starfsemina með heinum fjárframlögum, enda verði ekki skapaður grundvöllur undir þessa starfsemi á annan hátt.

Verður nú farið lauslega yfir helztu ákvæði frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur frammi, er gert ráð fyrir, að íslenska ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum séu stofnendur sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins.

Um 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Með tilliti til þess, að vinnsla og frysting á rækju og öðrum skelfiski er einnig verkefni fjölda niðursuðuverksmiðja, þykir eðlilegt að láta sölustofnunina ná til þeirra vörutegunda, ef meðlimir samtakanna óska þess, þó ekki sé ætlunin að fara inn á starfssvið annarra sölusamtaka. Geta þá niðursuðuverksmiðjur, sem frysta rækju og annan skelfisk ákveðið sjálfar, hvort þær selja þá framleiðslu í gegnum sölustofnun niðursuðuiðnaðarins eða fyrir milligöngu annarra sölusamtaka. Mikilvægasta verkefnið á þessu sviði er að annast sölustarfsemi erlendis, með þeim tækjum, sem nútíma markaðsstarfsemi býður upp á og sem samkeppnin á hinum erlendu mörkuðum krefst.

Eins og kunnugt er hafa ríkisstjórnir landsins á undanförunum árum beitt sér fyrir vöruskiptasamningum á milliríkjagrundvelli, aðallega þó í viðskiptalöndum okkar í Austur-Evrópu. Í þeim rammisamningum, sem þannig hafa verið gerðir, er reynið að tryggja ákveðinn kvóta af niðursuðuvörum. Með tilliti til þess, að grund-

völlurinn að slíkum viðskiptum er lagður að frumkvæði og milligöngu hins opinbera, þykir eðlilegt, að sölustofnun niðursuðuiðnaðarins annist allan þann útflutning til þeirra landa, einnig þótt um framleiðslu verksmiðja sé að ræða, sem ekki eru meðlimir að stofnuninni, eins og gert er ráð fyrir í lið b) annarrar greinar frumvarpsins.

Þar sem algjörlega hefur skort heildaryfirlit yfir sölumöguleika niðursuðuiðnaðarins á erlendum mörkuðum ár hvert og engin samræming hefur verið á framleiðslunni innanlands, miðað við framleiðslugetu annars vegar en sölumöguleika hins vegar, hefur starfsemin öll oft á tíðum verið fálmkennnd. Þetta hefur orðið til þess, að tveir aðilar eða fleiri hafa verið að framleiða fyrir sama markaðinn, sem leitt hefur til undirboða og spillt því, að bezta verðið fengist fyrir vöruna. Einnig hefur þetta ástand leitt til þess, að óseljanlegar birgðir hafa safnast upp, en allt hefur þetta ástand haft truflandi áhrif á hráfnisöflun.

Í lögum þessum er því gert ráð fyrir, að sölustofnunin leitist við að áætla markaðsgetuna á hverjum tíma eftir markaðssvæðum og vörutegundum og samræmi framleiðslu verksmiðjanna með tilliti til þeirrar áætlunar, sbr. d)-lið annarrar greinar frumvarpsins.

Einn af núverandi erfiðleikum niðursuðuiðnaðarins er ófullnægjandi þjónusta dósa- og umbúðaverksmiðja í landinu. En vel starfandi dósaverksmiðja, sem svarar tæknikröfum iðnaðarins hverju sinni, er alger forsenda fyrir því, að hægt sé að hafa þá snerpu og sveigjanleika í framleiðslu og afgreiðslu, sem markaðurinn gerir kröfur til. Í dag er verið að endurskipuleggja og stækka þá dósaverksmiðju, sem fram til þessa hefur verið starfrækt við ófullnægjandi skilyrði. Er þess að vænta, að hún geti veitt niðursuðuiðnaðinum fullnægjandi þjónustu, þegar þeim breytingum er lokið. Til að tryggja sem best samstarf framleiðenda við þennan mikilvæga þjónustulið, er kveðið á um það í frumvarpi þessu, að sölusamtökin hafi heimild til að gerast hluthafi í dósaverksmiðju, enda sé um gagnkvæma hagsmuni beggja aðila að ræða. Þá var einnig gert ráð fyrir því, við samning frumvarpsins, að hægt væri að lækka framleiðslukostnaðinn með sameiginlegum innkaupum á hjálpar-efnum og umbúðum fyrir verksmiðjurnar, sbr. 2. gr. e).

Eins og oft hefur verið bent á hafa markaðsmálin ekki verið einu erfiðleikar niðursuðuiðnaðarins, heldur hefur öflun hráfnis einnig átt þar hlut að máli, en fram koma svo áberandi víxlverkanir þessara tveggja meginþátta. Er hér annars vegar um að ræða erfiðleika, sem eiga sér náttúrlegar orsakir, en hins vegar erfiðleika, sem eiga sér rætur í veikri fjárhagsstöðu verksmiðjanna. Hið síðarnefnda birtist í því:

- a) að flotinn hefur takmarkaðan áhuga á því að landa reglulega því hráefni, sem iðnaðurinn þarfnast og í því ástandi, sem hann þarfnast;
- b) erfiðri samkeppnisaðstöðu verksmiðjanna við erlenda hráefniskaupendur, sem í flestum tilfellum ráða yfir sterkari greiðslugetu en hinir innlendu aðilar. Þetta hefur leitt til hráfnaskorts hjá íslenskum verksmiðjum meðan sama hráefni hefur verið flutt til útlanda.

Það er mikilvæg forsenda fyrir hagkvæmum rekstri verksmiðjanna, að tryggð sé stöðug hráfnisöflun, svo að stöðugleiki náist í framleiðslunni og ekki standi á afgreiðslum. Í þessu skyni gerir frumvarpið ráð fyrir því, sem hlutverki sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins, að hún aðstoði verksmiðjurnar við hráfnisöflun og annist þá fyrirgreiðslu og milligöngu um hráfnisöflun, sem þær megna ekki sjálfar. Er hér miðað að því, að stofnunin geri árlegar skýrslur um framleitt hráefni annars vegar og hráfnisþörf verksmiðjanna hins vegar.

Um 3. gr.

Sérhverri verksmiðju er frjálst, hvort hún gerist aðili að samtökunum eða ekki. Hugmyndin, sem að baki þessu frumvarpi liggur, er hins vegar sú að gera

sölustofnunina það öfluga, að sem flestir atvinnuveitendur sjái sér hag í því að gerast aðilar.

Það er augljóst mál, að ekki er hægt að skipuleggja það sameiginlega áttak, sem gera þarf, nema aðildarfélagin lúti nokkuð ströngum reglum um vörugæði og framleiðslu, sem stjórnin setur þeim, eins og reynsla annarra svipaðra sölusamtaka hefur þegar sýnt. Þýðingarmesta ákvæðið, sem aðild að sölustofnuninni leggur verksmiðjunum á herðar, er það, að sameina alla framleiðsluna undir einu íslenzku vörumerki, en slíkt er alger forsenda þess, að hægt sé að ná varanlegum árangri á erlendum mörkuðum. Sölustofnunin þarf síðan að ganga strangt eftir því, að framleiðendur uppfylli hina sameiginlegu stöðlun vörunnar og þær gæðakröfur, sem gerðar verða.

Um 4. gr.

Það sjónarmið hefur almennt verið viðurkennt, að eðlilegt sé að hið opinbera skipi hluta af stjórn sölustofnunarinnar og er þá haft í huga, að ríkissjóði er ætlað að leggja fram stórtæk, óafturkræf framlög til stuðnings þessari starfsemi, auk þess, sem samtök atvinnurekenda eru í dag bæði veik og sundurleit. Að öðru leyti er stjórn stofnunarinnar byggð upp með svipuðum hætti og önnur hliðstæð sölu-samtök á Íslandi.

Um 5. gr.

Eins og að ofan er getið eru fyrirtæki niðursuðuiðnaðarins bæði smá og í flestum tilfellum févana. Flest þau iðnaðarfyrirtæki, sem starfandi eru á Íslandi í dag eru byggð upp fyrir innanlandsmarkað, þar sem salan hefur að öðru jöfnu verið nokkuð trygg. Því hefur hinum íslenzku iðnfyrirtækjum, sem aðallega framleiða til útflutnings, eins og flestar niðursuðuverksmiðjurnar gera, stundum sést yfir, að uppbyggingu fyrirtækisins og fjárfestingu er ekki lokið við byggingu húsnæðis og uppsetningu véla og tækja, heldur verður að reikna viðbótarupphæð, sem numið getur einum þriðja af ofangreindu, til að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. En öll verður þessi starfsemi dýrari, þeim mun stærri og fjársterkari sem hinar erlendu samsteypur verða. Sú mikla sölustarfsemi, sem hefja þarf til að koma fótum undir íslenzka niðursuðuiðnaðinn verður ekki framkvæmd nema aðstoð hins opinbera komi til fyrstu árin, eins og fimmta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir. Auk þessa er stofnuninni ætlað að hafa fastar tekjur af starfsemi sinni, sem á að geta staðið undir rekstrarkostnaðinum, þegar fram í sækir. En rétt er hér að minna á það, að vel skipulögð auglýsinga- og markaðsstarfsemi erlendis er fjárfesting, sem skilar sér aftur í þjóðarþúið og það með góðum verðmætisauka, ef vel er á málunum haldið.

Um 6. og 7. gr.

Ef litið er á fullvinnslu sjávarafla, þ. e. niðursuðu, niðurlagningu, túpu- og pakkamat sem eina heild, er um verðmætan hluta matvælaiðnaðarins að ræða, sem á sér bæði mikla útþenslu- og þróunarmöguleika. Til að tryggja stöðuga þróun og eðlilegan vöxt í þessari grein er nauðsynlegt að samtök iðnaðarins hafi yfir einhverjum tekjum að ráða, sem ekki einungis séu ætlaðar þeirri hlið, sem að mörkuðum snýr, heldur einnig þeirri, sem snýr að framleiðslu- og tilraunastarfsemi með nýjar vörutegundir. Ákvæðum 6. og 7. greinar frumvarpsins er ætlað að tryggja stofnuninni slíkan sjóð, sem ekki verður aflað betur tekna á annan hátt en með því að taka við þeim útflutningsgjöldum, sem lögð eru á niðursuðuvörur og það hráefni, sem selt er hálfunnið úr landi. Ef það fé verður notað á réttan hátt til tilrauna- og vísindastarfsemi, sem síðan skilar framleiðslunni nýjum og bættum vörutegundum er um margföldun þjóðarverðmæta að ræða. Ekkert er því til fyrirstöðu, að Ísland verði forustþjóð í fullvinnslu sjávarafla. En til þess þarf ný átök og stórhug.